



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 14.06.2017
Tilvísun vor: M-2017-212 / 00.11

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um landgræðslu, 406. mál

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Landsvirkjunar um frumvarp til laga um landgræðslu, 406. mál. Landsvirkjun hefur kynnt sér frumvarpið og vill koma eftirfarandi á framfæri við umfjöllun nefndarinnar um málið. Almenn tölur Landsvirkjunar efni frumvarpsins vera til framfara.

Fyrirtækið hefur stundað landgræðslu við flestar aflstöðvar þess og á svæðum í nágrenni þeirra. Samið hefur verið við Landgræðsluna um að taka þessi svæði og önnur svæði, þar sem unnið hefur verið að landgræðslu á vegum fyrirtækisins, með í landsúttekt.

Landsvirkjun hefur með samningum við Landgræðsluna kostað landgræðslu á nokkrum jörðum í eigu eða umsjá stofnunarinnar í því augnamiði að binda kolefni á móti þeirri losun sem tengja má byggingu og rekstri aflstöðva fyrirtækisins. Samningar um þau verkefni ná til um 1.080 ha. Að mati Landsvirkjunar girða ákvæði frumvarpsins, sbr. ákvæði 8. gr., ekki fyrir að samstarf Landsvirkjunar og Landgræðslunnar geti haldið áfram með óbreyttum hætti.

Virðingarfyllt

Ragna Árnadóttir
aðstoðarforstjóri